

Til sveitarfélags: Norðurþing

Mál: hálendisþjóðgarður – afmörkun

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur nú til meðferðar frumvarp um stofnun hálendisþjóðgarðs sbr. 369. mál á 151. Lögjafarþingi.

Leitað er leiða til sáttar um stofnun hálendisþjóðgarðs og þá m.a. með afmörkun sem þjónar hvað best þeim markmiðum sem stefnt er að samkvæmt frumvarpinu í sem mestri sátt við sveitarfélögin.

Framsögumaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, Kolbeinn Óttarsson Proppé skoðar nú sérstaklega afstöðu sveitarfélaga til mögulegra breytinga á afmörkun hálendisþjóðgarðs og vill ræða við ykkur um þau mál, þar sem einkum er horft til verndargildis svæða og þegar verndaðra svæða.

Framsögumaður umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis óskar eftir fundi með fulltrúum sveitarfélagsins. Einnig mun sitja hann starfsmaður umhverfis- og auðlindaráðuneytis og eftir atvikum aðrir nefndarmenn í meirihluta US. Fundarefnið er að skiptast á skoðunum um mögulega afmörkun hálendisþjóðgarðs.

Með ósk um jákvæð viðbrögð.

Kolbeinn Óttarsson Proppé